



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

20. maí 2020

MÍ202005-0105/ 6.09 / M.A.S.

## Efni: Skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Iðjubraut í Búðardal í Dalabyggð

Með tölvupósti dagsettum 20. maí 2020 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um Skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Iðjubraut í Búðardal í Dalabyggð.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.*

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir lýsinguna og gerir ekki athugasemdir að svo stöddu enda fái hann tillöguna aftur til umsagnar þegar nær dregur áætluðum framkvæmdum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

*Afrit sent: Skipulagsstofnun*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.